

**Nr. 20-058 S 042 Björgvin EA 311****Skipverji slasast**

Skipaskr.nr. 1937  
 IMO 8709808  
 Útgerð: Samherji Ísland ehf.  
 Smíðaður: Flekkefjord Noregi, 1988  
 Stærð: 498,8 brl. 1142,0 bt.  
 Mesta lengd: 50,53 m Skráð lengd: 48,48 m  
 Breidd: 12,0 m Dýpt: 7,3 m  
 Vél: Deutz 1.635 kW, 1988  
 Fjöldi skipverja: 13



Björgvin©Vigfús Markússon

**Gögn:**

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. janúar 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 14. apríl 2020 var Björgvin EA 311 á togveiðum á Austfjarðamiðum. Veður: SV 13-15 m/s og 2-3 metra ölduhæð.

Skipverjar voru að taka niður tóm fiskikör frá millipilfari niður í lest. Þegar búið var að losa upp karastæðuna á millipilfarinu kom slinkur á skipið og karastæðan rann út í stjórnborðssíðu og klemmdi einn skipverjann út í síðu. Siglt var með slasaða til Neskaupsstaðar en hann var mjaðmagrindarbrotinn.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipverjinn fékk á sig átta til tíu fiskikör sem raðað var í tvær hæðir;
- að fiskikörunum var raðað upp á tvo bita úr rústfríu stáli sem áður voru notaðir fyrir úrsláttarvagn og voru flughálir;
- að skipverjinn var einn á millipilfarinu við að setja niður fiskikörin en þrír voru í lestinni til að taka á móti þeim og ganga frá þeim;
- að eftir slysið voru rafsoðin flatjárn á rústfríu bitana til að skorða fiskikörin af og þeim fækkað sem voru geymd á millipilfarinu.

**Nefndarálit:**

Orsök slyssins var að ekki voru skorður til að halda við fiskikörin.